

Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

Vatnsveitunefnd eða annar aðili í umboði hreppsnefndar hefur á hendi reikningshald og innheimtu fyrir veituna.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitunefnd Búðardals í samráði við hreppsnefnd Laxárdalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 frá 21. júní 1923, sbr. lög nr. 93 frá 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. . .

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélagið Lindin í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Lindin. Heimili þess og varnarþing er í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru fjórir. Einn ábúandi frá jörðunum Steinsholti og Melkoti og tveir frá Hávarðsstöðum.

Hver stofnandi greiðir stofngjald, fimm þúsund krónur, og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það gjald er greitt. Allt vatn til daglegra nota í íbúðarhús og útihús á hverri jörð teljast undir sama stofngjald. Félagsskylda skv. 1. málsgrein þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúanda séu látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykkt lögmeats aðalfundar.

Nýr félagismaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaður af upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar, skal að jöfnum hlutum greiða fyrir hvert býli á félagssvæðinu. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, svo sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kann að verða til vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Félagisstjórnin ákveður hæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 2. málsg. þessarar greinar, má taka lögtaki, ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum með greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess.

Enginn félagismaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins, umfram gjöld þau, er honum er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagisstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrjú félagar eða tveir stjórnarnefndarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmeður, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflaga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Boðað verði til hans með viku fyrirvara, bréflaga eða persónulega. Aðalfundur er lögmeður, er $\frac{3}{4}$ félagsmanna mæta. Verði hann ekki lögmeður, er boðað er til hans í fyrsta sinn, skal boða hann aftur, og er hann þá lögmeður, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar þess og kosnir 3 menn í stjórn og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, ber að geta þess í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmeðir að allir stjórnarmenn séu mættir.

Færa skal gerðabók stjórnarfunda og ritari lesa fundargerð í lok hvers fundar. Hann undirritar hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt af fundarmönnum.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunpi, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbólum og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{3}{4}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af vatnsveitufélaginu Lindin í Leirár- og Melahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykktum nr. 80 10. apríl 1943, fyrir Sparisjóð Arnarneshrepps.

1. gr.

2. gr. samþykktanna orðist svo:

Trygging fyrir innstæðufé og öðrum kröfum á sjóðinn er varasjóður sparisjóðsins og aðrar eigur hans. Þá ábyrgist Arnarneshreppur skuldbindingar sparisjóðsins, allt að kr. 500 000.00, næst á eftir nefndum tryggingum.

2. gr.

7. gr. samþykktanna orðist svo:

Sparisjóðurinn tekur á móti innlánsfé og ávaxtar það. Hámark innlánsfjárhæðar er háð úrskurðarvaldi stjórnar sparisjóðsins. Vextir greiðast frá innleggsdegi og færast í viðskiptabækur um hver áramót.

Nýir innleggjendur fá löggilta viðskiptabók með númeri og nafni, þegar þeir byrja viðskipti. Þegar viðskiptum er lokið eða bók fullnotuð, ógildir stjórn sparisjóðsins hana. Heimilt er stjórninni að afhenda viðskiptamanni ógilta bók til eignar, enda liggja fyrir ósk viðskiptamannsins um það.

Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til að neita að taka á móti innstæðufé, svo og að segja því upp til útborgunar, en það skal jafnan gert með ábyrgðarbréfi eða á annan tryggilegan hátt. Hefur stjórn sparisjóðsins um þetta úrskurðarvald.

Innstæðufé á sparisjóðsbókum skal greiða þá er viðskiptabók er framvísað, og er það ekki á ábyrgð sparisjóðsins, þó handhafi bókarinnar hafi ekki haft leyfi eiganda hennar, sbr. þó síðustu málsgrein 10. gr. laga nr. 69 1941.